

Mættir: Jón Hjaltason, Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Spurning um hvort búa eigi til góðar leiðbeiningar fyrir mótsstjórn í stað þess að halda námskeið. Í reglugerð FINA er mótsstjórn valdamikil. Hún getur tekið ákvörðun um mjög mikilvæg mál. Almennt eru valdamestu einstaklingarnir í þessum stjórnnum. Stefna má að því til lengri tíma að haldinn sé fundur/fyrirlestur um mótsstjórn.

Segja má það sama um riðlaherbergið. Dómarar sem verið hafa í riðlaherbergi sjá og skilja mikilvægi þess að hafa gott vald á riðlum og herberginu. Þar þarf líka að fara yfir sundfatnað og annað sem sundmaðurinn hefur í sundinu. Bent er á að á IPC mótum er gefið út fyrirfram hvenær sundmaður á að vera kominn í riðlaherbergi.

Æskilegt er að leggja fram leiðbeiningar og að dómáranefndin hafi þá eitthvað til málanna að leggja. Í dag er þetta stundum tilviljanakennt.

Síðasta fundargerð þar með samþykkt.

Til umfjöllunar á fundi

1. Sagt er frá tillögum að helstu breytingum á reglum sem lagðar verða fram í Búdapest í sumar. Sérstaklega er rætt um startíð og mögulegar breytingar á því. Horft er til þess að engin hreyfing megi vera á palli. Það er á ábyrgð sunddómara að setja niður og taka upp baksunds búnað. Mögulega er verið að fækka klukkuliði og látið duga að einn verði á klukku á hverri braut. Þetta mun auðvelda tímatöku þar sem vantar fullkominn búnað. Snúningsdómarar munu eiga að fara með ógildingar til yfirdómara. „Lochte-snúningurinn“ er negldur niður; sundmaðurinn verður að vera á bringunni þegar hann kemur út úr baksundinu, eftir snúning. Mögulegar breytingar í bringusundinu; að dómari fylgist með sundmanni fyrstu tvö sundtökin. Þetta er ennþá vinnuskjal og breytingar gætu orðið áður en það verður lagt fyrir þingið í sumar.
2. Gerð grein fyrir stöðu dómara um umsóknir á mót erlendis. Ekkert svar hefur borist til skrifstofu SSÍ en reynt hefur verið að hafa samband.
3. Smáþjóðaleikarnir í San Marínó. Búið er að senda út umsókn fyrir tvo dómara. Það liggur fyrir að greitt verði fyrir þá ef til þess kemur. Formaður SSÍ mun hafa samband við mótsnefndina úti vegna þessa.
4. FINA-passarnir eru ekki komnir, beðið er eftir þeim.
5. Undirbúa vinnu tengda Norðurlandameistaramótinu sem haldið verður í Laugar-dalslaug í desember 2017. Lagt er til að dómáranefndin hafi umsýslu með dómurum á mótinu. Í þessu tilviki munu skráningar koma beint til nefndarinnar og hún heldur utan um þær. Ekki má útiloka það að dómarar komi frá Norðurlöndunum og vilji dæma á mótinu. Mikilvægt er að mynda tengsl þangað. Ný stjórn sem tekur við eftir Sundþing mun halda utan um þetta á endanum. Undirbúningur er þó góður.

6. Jón Hjaltason er að hætta í dómara nefndinni í lok febrúar. Hann ætlar að bjóða sig fram til stjórnar SSÍ á næsta Sundþingi. Varaformaðurinn mun taka við formennsku eftir næsta fund dómara nefndar sem haldinn verður 26. febrúar næstkomandi. Mikilvægt er að haldið sé áfram á þeirri braut að horft sé til allra félaga þegar kemur að mannskap í dómara nefnd. Nýrrar stjórnar er að ákveða hver er fulltrúi hennar í dómara nefndinni.

7. **Önnur mál:**

Næsta dómara námskeið verður haldið miðvikudaginn 28. febrúar næst- komandi, miðvikudaginn fyrir Fjölhis-mótið. Á miðvikudaginn fyrir Vormót Breiðabliks verður dómara námskeið. Að auki er gert ráð fyrir dómara námskeiði í Reykjanesbæ á miðvikudeginum fyrir Landsbankamót ÍRB.

Nú verða blindir sundmenn gerðir ógildir þegar þeir synda á FINA-mótum með bankara á bakkanum. Reglugerð mótsins kveður á um hvaða reglur eigi að gilda. Allt umfram FINA-regluna er ógilding á stóru móti.

Sundmót og merkjasendingar – er þörf á að taka þær upp aftur? Reglan um að snúningsdómara setjist eða fari aftur fyrir stólana er í raun það sem gildir í dag. Það er undir hverjum yfirdómara fyrir sig komið að ákveða hvort merkjasendingar eru í gildi á móti eða ekki.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,

[*sign*]